

## REGLUGERÐ

### um þvingunaraðgerðir varðandi Eritreu.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja:

- a) ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b) ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c) ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við á.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins og framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

#### 2. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Ákvörðun ráðsins 2010/127/SSUÖ frá 1. mars 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu, fylgiskjal 1.
  - 1.1 Ákvörðun ráðsins 2010/414/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um breytingu á ákvörðun 2010/127/CFSP um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu, fylgiskjal 2.
  - 1.2 Ákvörðun ráðsins 2012/632/SSUÖ frá 15. október 2012 um breytingu á ákvörðun 2010/127/CFSP um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu, fylgiskjal 3.
2. Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 667/2010 frá 26. júlí 2010 um tiltekna þvingunaraðgerðir að því er varðar Eritreu, fylgiskjal 4.
  - 2.1 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 942/2012 frá 15. október 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 667/2010 um tiltekna þvingunaraðgerðir að því er varðar Eritreu, fylgiskjal 5.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frýstingu fjármuna.

#### 3. gr.

##### *Aðlögun.*

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfiráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „Bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfiráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,

- d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: [www.utn.is/thvingunaraðgerdir](http://www.utn.is/thvingunaraðgerdir).

## 4. gr.

*Tilkynning.*

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

## 5. gr.

*Undanþágur frá þvingunaraðgerð.*

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

## 6. gr.

*Viðurlög.*

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

## 7. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Erítreu nr. 300/2010, ásamt síðari breytingum, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 544/2011 um breyting á reglugerðum nr. 154/2009, 140/2009, 155/2009, 148/2009, 147/2009, 299/2010 og 300/2010.

*Utanríkisráðuneytinu, 2. mars 2015.*

**Gunnar Bragi Sveinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefán Haukur Jóhannesson.*

**Fylgiskjal 1.****Ákvörðun ráðsins 2010/127/SSUÖ  
frá 1. mars 2010  
um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 16. febrúar 2009 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2009/138/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu <sup>(1)</sup> til framkvæmdar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (UNSCR) nr. 1844 (2008) sem innleiddi þvingunaraðgerðir gegn þeim sem leitast við að koma í veg fyrir eða hindra friðsamlegt pólitískt ferli, eða þeim sem ógna umbreytingarstofnunum sambandsstjórnar Sómalíu (TFI) eða sendinefnd Afrikusambandsins í Sómalíu (AMISOM) með valdi eða grípa til aðgerða sem grafa undan stöðugleika í Sómalíu eða á svæðinu.
- 2) Hinn 14. janúar 2009 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun öryggisráðs SP nr. 1862 (2009) um landamæraðeilurnar milli Djíbútí og Eritreu og um hugsanleg áhrif þeirra á stöðugleika og öryggi á því undirsvæði.
- 3) Hinn 23. desember 2009 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1907 (2009) um að leggja vopnasölubann á Eritreu og hvetja öll ríki til að skoða, samkvæmt innlendum valdheimildum sínum og löggjöf og í samræmi við reglur þjóðaréttar, allar farmsendingar til og frá Eritreu á yfirráðasvæði sínu, m.a. í höfnum og á flugvöllum, ef hlutaðeigandi ríki býr yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að farmurinn innihaldi hluti sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt fyrirnefndri ályktun eða í samræmi við hið almenna eða algjöra bann við sölu vopna til Sómalíu sem komið var á skv. 5. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 733 (1992) og útfært og breytt hefur verið samkvæmt síðari ályktunum.
- 4) Með ályktun öryggisráðs SP nr. 1907 (2009) eru og innleiddar þvingunaraðgerðir gegn einstaklingum og rekstrareiningum, þ.m.t. en þó ekki eingöngu eritreskir stjórnmalaleiðtogar og herstjórar, sem nefndin, sem komið var á fót samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 1844 (2008), hefur tilgreint.
- 5) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:***1. gr.*

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir sölu eða afhendingu til Eritreu á vopnum og hvers kyns tengdum herbúnaði, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, tækjabúnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrirnefnd tæki og tól, fyrir milligöngu ríkisborgara aðildarríkjanna eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða með skipum sem sigla undir fána þeirra eða loftförum þeirra, hvort sem þau eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.
2. Veiting tæknilegrar aðstoðar, þjálfunar, fjárhagsaðstoðar og annarrar aðstoðar til Eritreu, sem tengist herstarfsemi eða útvegum, framleiðslu, viðhaldi eða notkun þeirra hluta er um getur í 1. mgr., af hálfu ríkisborgara aðildarríkja eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna skal bönnuð.
3. Innkaup hluta, er um getur í 1. mgr., frá Eritreu af hálfu ríkisborgara aðildarríkja eða með því að nota skip, sem sigla undir fána þeirra, eða loftför þeirra og veiting tæknilegrar aðstoðar, þjálfunar, fjárhagsaðstoðar og annarrar aðstoðar, sem tengist herstarfsemi eða útvegum, framleiðslu, viðhaldi eða notkun fyrirnefndra hluta, skal einnig bönnuð, hvort sem þeir eru upprunnin á yfirráðasvæði Eritreu eður ei.

*2. gr.*

1. Aðildarríki skulu skoða, samkvæmt innlendum valdheimildum sínum og löggjöf og í samræmi við reglur þjóðaréttar, allar farmsendingar til og frá Eritreu á yfirráðasvæði sínu, m.a. í höfnum og á flugvöllum sínum, ef þau búa yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að farmurinn innihaldi hluti sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt ákvörðun þessari.
2. Kröfur um að veita viðbótarupplýsingar um allar vörur, sem fluttar eru inn í eða út frá aðildarríki, skulu gilda um loftför og skip sem flytja farm til og frá Eritreu.

3. Finnist hlutir, sem bannað er, samkvæmt ákvæðum ákvörðunar þessarar, að afhenda, selja tilflytja eða flytja út, skulu aðildarríki haldleggja þá og losa sig við þá (annað hvort með því að eyðileggja þá eða gera þá ónothæfa).

### 3. gr.

Þvingunaraðgerðum, sem kveðið er á um í 4. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 6. gr., skal beint gegn einstaklingum og rekstrareiningum, þ.m.t., en þó ekki eingöngu, pólitísk forysta og herstjórn í Eritreu, ásamt rekstrareiningum á vegum ríkisins og hálfopinberum rekstrareiningum, eða einstaklingar og rekstrareiningar, sem starfa á vegum eða samkvæmt fyrirmælum þeirra, sem nefndin, sem komið var á fót samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 751 (1992) og útvíkkuð samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 1844 (2008), hefur tilgreint:

- að hafi brotið gegn vopnasölubanninu og tengdum ráðstöfunum er um getur í 1. gr.,
- að hafi veitt stuðning frá Eritreu til vopnaðra andspyrnuhópa sem hafa það að markmiði að raska jafnvægi á svæðinu,
- að hafi hindrað framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1862 (2009) um Djíbútí,
- að hafi skotið skjólshúsi yfir, veitt fjármagni til, aðstoðað, stutt, skipulagt, þjálfað eða hvatt einstaklinga eða hópa til að fremja ofbeldisverk eða hryðjuverk gegn öðrum ríkjum eða ríkisborgurum þeirra á svæðinu,
- að hafi hindrað rannsóknir eða vinnu eftirlitshópsins sem var stofnsettur á nýjan leik samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 1853 (2008).

Viðkomandi einstaklingar og rekstrareiningar eru talin upp í viðaukanum.

### 4. gr.

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir beina eða óbeina afhendingu, sölu eða tilflutning vopna og hvers kyns tengds herbúnaðar til einstaklinga og rekstrareininga er um getur í 3. gr., þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, tækjabúnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrnefnd tæki og tól og bein eða óbein veiting tæknilegrar aðstoðar eða þjálfunar, fjárhagsaðstoðar eða annars konar aðstoðar, þ.m.t. fjárfesting, miðlun eða önnur fjármálaþjónusta, sem tengist herstarfsemi eða veitingu, framleiðslu, viðhaldi eða notkun vopna og herbúnaðar, fyrir milligöngu ríkisborgara aðildarríkjanna eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða með skipum sem sigla undir fána þeirra eða með loftförum þeirra.

### 5. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þeir einstaklingar er um getur í 3. gr. komi inn á yfirráðasvæði þeirra eða fari þar í gegn.
2. Ákvæði 1. mgr. skuldbindur aðildarríki ekki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði þess.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ákveði framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir, í hverju tilviki fyrir sig, að ferðalög séu réttlætanagerleg af brýnum, mannúðlegum ástæðum, m.a. vegna trúarlegrar skyldu, eða komist framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir að þeirri niðurstöðu að undanþága myndi með öðrum hætti stuðla að því að markmiðum friðar og stöðugleika verði náð á svæðinu.
4. Í þeim tilvikum, skv. 3. mgr., þegar aðildarríki heimilar komu einstaklinga, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint, inn á yfirráðasvæði sitt eða för gegnum það skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og hlutaðeigandi einstaklinga.

### 6. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem eru í eigu eða undir beinni eða óbeinni stjórn þeirra einstaklinga eða rekstrareininga er um getur í 3. gr.
2. Enga fjármuni eða efnahagslegan auð skal, með beinum eða óbeinum hætti, gera aðgengilegan þeim einstaklingum eða rekstrareiningum er um getur í 1. mgr. eða þeim til hagsbóta.
3. Aðildarríki geta gert undanþágur frá þeim aðgerðum er um getur í 1. og 2. mgr. að því er varðar fjármuni og efnahagslegan auð sem eru:
  - a) nauðsynlegir vegna grunnútgjalda, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja- og lækni meðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og gjalda til opinberra þjónustustofnana,
  - b) eingöngu ætlaðir til að greiða hæfilega sérfræðiþjónun og til endurgreiðslu á kostnaði sem stofnað er til vegna lögfræðiþjónustu,

- c) eingöngu ætlaðir til að greiða þóknun eða þjónustugjöld, samkvæmt landslögum, fyrir venjubundna vörslu eða viðhald frystra fjármuna og efnahagslegs auðs,
  - d) nauðsynlegir vegna óvenjulegra útgjalda, að fram kominni tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir og að fengnu samþykki hennar,
  - e) andlag veðsetningar eða úrskurðar af hálfu dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms, þegar undanþágan kveður á um að nota megi fjármunina og hinn efnahagslega auð til þess að uppfylla skilyrði veðsetningarinnar eða framfylgja úrskurðinum, að því tilskildu að veðsetningin eða úrskurðurinn hafi verið skráður fyrir dagsetningu samþykktar ályktunar öryggisráðs SP nr. 1907 (2009) og sé ekki til hagsbóta fyrir einstakling eða rekstrareiningu, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og að hlutaðeigandi aðildarríki hafi sent framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir tilkynningu þessu viðvíkjandi.
4. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki þegar eftirtaldir fjármunir eru lagðir inn á frysta reikninga:
- a) vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða
  - b) greiðslur inn á frysta reikninga samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar reikningarnir urðu viðfang þvingunaraðgerða,
- að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir ákvæði 1. mgr.
5. Þær undanþágur er um getur í a-, b- og c-lið 3. mgr. má gera eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlan að heimila, þar sem það á við, aðgengi að fyrrnefndum fjármunum og efnahagslegum auði og hafni framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir því ekki innan þriggja virkra daga frá þeirri tilkynningu.

7. gr.

Ráðið skal ákveða listann í viðaukanum og gera breytingar á honum í samræmi við ákvarðanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir.

8. gr.

Endurskoða ber ákvörðun þessa, breyta henni eða fella hana úr gildi, eftir því sem við á, samkvæmt viðeigandi ákvörðunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

9. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er samþykkt.

10. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 1. mars 2010.

*Fyrir hönd ráðsins,*  
D. LÓPEZ GARRIDO  
*forseti.*

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 46, 17.2.2009, bls. 73.

VIÐAUKI  
**Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í 3. gr.**

**Fylgiskjal 2.****Ákvörðun ráðsins 2010/414/SSUÖ****frá 26. júlí 2010****um breytingu á ákvörðun 2010/127/CFSP um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 1. mars 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/127/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu <sup>(1)</sup> til framkvæmdar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1907 (2009).
- 2) Í ákvörðun 2010/127/SSUÖ er kveðið á um aðgangstakmarkanir og fjárhagslegar þvingunaraðgerðir gegn einstaklingum og rekstrareiningum sem öryggisráðið SP eða til þess bær framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint, ennfremur um bann við afhendingu, sölu eða tilfærslu vopna og herbúnaðar til fyrrnefndra, tilgreindra einstaklinga og rekstrareininga og um að veitt sé tengd aðstoð og þjónusta.
- 3) Verklag við breytingar á viðaukanum við ákvörðun 2010/127/SSUÖ skal fela í sér kröfu um að tilkynna tilgreindum einstaklingum og rekstrareiningum þær forsendur fyrir færslu á lista sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir kveður á um, til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir. Komi fram athugasemdir eða séu traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína í ljósi þeirra athugasemda og upplýsa viðkomandi einstakling eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.
- 4) Með ákvörðun þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til ávirks úrræðis og sanngjarnra réttarhalda, rétturinn til eignar og rétturinn til verndar persónuupplýsinga. Beita ber ákvæðum ákvörðunar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 5) Með reglugerð þessari eru einnig virtar, í einu og öllu, skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og lagalega bindandi eigindum ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.
- 6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2010/127/SSUÖ:

- 1) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

*„7. gr.*

Ráðið skal ákveða listann sem er að finna í viðaukanum og breyta honum annaðhvort í samræmi við ákvarðanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir.“

- 2) Eftirfarandi greinar bætist við:

*„7. gr. a*

1. Setji öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling eða rekstrareiningu á lista skal ráðið fella þann einstakling eða þá rekstrareiningu inn í viðaukann. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á lista, hlutaðeigandi einstaklingi eða rekstrareiningu, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

2. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa hlutaðeigandi einstakling eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.

*7. gr. b*

1. Í viðaukanum komi fram rökstuðningur öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir sem varð til þess að þeir einstaklingar og rekstrareiningar sem eru á listanum voru færðir á hann.

2. Í viðaukanum skulu og koma fram upplýsingar, þar sem þær liggja fyrir, sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir láta í té og nauðsynlegar eru til þess að bera kennsl á

hlutaðeigandi einstaklinga eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar rekstrareiningar geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í viðaukanum skal einnig koma fram hvaða dag öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 26. júlí 2010.

*Fyrir hönd ráðsins,*  
C. ASHTON

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 51, 2.3.2007, bls. 19.

### **Fylgiskjal 3.**

#### **Ákvörðun ráðsins 2012/632/SSUÖ frá 15. október 2012**

#### **um breytingu á ákvörðun 2010/127/CFSP um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 1. mars 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/127/SSUÖ <sup>(1)</sup>.
- 2) Hinn 25. júlí samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun 2060 (2012) og breytti þar með vopnasölubanninu sem lagt var á skv. 5. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1907 (2009).
- 3) Breyta ber ákvörðun 2010/127/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 7. mgr. bætist við 2. gr. a í ákvörðun 2010/127/EBE:

„4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um:

- a) skotheld vesti og herhjálma sem starfsfólk SP, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfslið hefur tímabundið flutt út til Eritreu, eingöngu til eigin nota,
- b) afhendingu óbanvæns herbúnaðar, sem einungis er til notkunar í mannúðarskyni og til verndar, eftir fyrirframviðurkenningu nefndarinnar sem stofnuð var samkvæmt ályktun öryggisráðs SP 751 (1992), en umboð hennar var aukið með ályktun öryggisráðs SP 1844 (2008) („framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 15. október 2012.

*Fyrir hönd ráðsins,*  
C. ASHTON  
*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 51, 2.3.2010, bls. 19.

**Fylgiskjal 4.****Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 667/2010****frá 26. júlí 2010****um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Eritreu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. og 2. mgr. 215. gr. hans,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/127/SSUÖ frá 1. mars 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu <sup>(1)</sup>, sem var samþykkt í samræmi við ákvæði 2. kafla V. bálks sáttmálans um Evrópusambandið,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 1. mars 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/127/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu til framkvæmdar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (UNSCR) nr. 1907 (2009). Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/414/SSUÖ um breytingu á ákvörðun 2010/127/SSUÖ til þess að innleiða reglur um breytinguna og endurskoðun listans yfir einstaklinga og rekstrareiningar sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna („öryggisráðið“) eða viðkomandi framkvæmdanefnd Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir („framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“) hefur tilgreint.
- 2) Þvingunaraðgerðirnar gegn Eritreu fela í sér bann við því að veita tækniaðstoð, þjálfun, fjárhagsaðstoð og aðra aðstoð sem tengist herstarfsemi, auk banns við því að kaupa eða útvega sér slíka tækniaðstoð, þjálfun, fjárhagsaðstoð og aðra aðstoð frá Eritreu.
- 3) Í ákvörðun 2010/127/SSUÖ er einnig kveðið á um skoðun á tilteknum farmi til og frá Eritreu og, ef um ræðir loftför eða skip, um að veita viðbótarupplýsingar fyrir komu og fyrir brottför um vörur sem eru fluttar inn í eða út úr Evrópusambandinu. Þessar upplýsingar skal veita í samræmi við ákvæðin um yfirlitsskýrslur um innflutning og útflutning í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/1992 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins <sup>(2)</sup>.
- 4) Enn fremur er í ákvörðun 2010/127/SSUÖ kveðið á um fjárhagslegar þvingunaraðgerðir gegn einstaklingum og rekstrareiningum sem öryggisráðið eða til þess bær framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint og um bann við afhendingu, sölu eða tilfærslu vopna og herbúnaðar til fyrrnefndra einstaklinga og rekstrareininga og við því að veita tengda aðstoð og þjónustu. Þessum þvingunaraðgerðum skal beint gegn einstaklingum og rekstrareiningum, meðal annars en þó ekki eingöngu gegn pólitískri forystu og herstjórn Eritreu, opinberum og hálfopinberum rekstrareiningum og rekstrareiningum í eigu ríkisborgara Eritreu sem hafa búsetu innan eða utan yfirráðasvæðis Eritreu, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa tilgreint að hafi brotið gegn vopnasölubanninu sem komið var á með ályktun öryggisráðs SP nr. 1907 (2009), að hafi veitt vopnuðum andspyrnuhópum, sem hafa það að markmiði að raska jafnvægi á svæðinu, stuðning frá Eritreu, að hafi hindrað framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1862 (2009) um Djíbútí, að hafi skotið skjólshúsi yfir, fjármagnað, aðstoðað, stutt, skipulagt, þjálfað eða hvatt einstaklinga eða hópa til að fremja ofbeldisverk eða hryðjuverk gegn öðrum ríkjum en Eritreu, eða ríkisborgurum þeirra á svæðinu, eða að hafi hindrað rannsóknir eða starfsemi eftirlitshópsins sem öryggisráðið stofnsetti.
- 5) Aðgerðir þessar rúmast innan gildissviðs sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og þess vegna, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með sama hætti, er löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd að því er Evrópusambandið varðar.
- 6) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til ávirks úrræðis og sanngjarnra réttarhalda, rétturinn til eignar og rétturinn til verndar persónuupplýsinga. Beita ber ákvæðum reglugerðar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 7) Með reglugerð þessari eru einnig virtar, í einu og öllu, skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og lagalega bindandi eigindir ályktana öryggisráðsins.
- 8) Vald til að breyta listanum í I. viðauka við reglugerð þessa skal vera í höndum ráðsins í ljósi þeirrar sérstöku ógnunar við frið og öryggi á alþjóðavísu á svæðinu sem ástandið í Eritreu skapar og til þess að



tryggja samræmi við gildandi aðferð við að breyta og endurskoða viðaukann við ákvörðun 2010/127/SSUÖ.

- 9) Verklag við breytingar á listanum í I. viðauka við reglugerð þessa skal fela í sér kröfu um að tilkynna tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum þær forsendur fyrir færslu á lista sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir kveður á um til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir. Komi fram athugasemdir eða séu traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína í ljósi fyrrnefndra athugasemda og upplýsa hlutaðeigandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.
- 10) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að skapa sem mesta réttarvissu innan Evrópusambandsins skal birta nöfn og aðrar upplýsingar, sem máli skipta, um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem nauðsynlegt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Vinnsla persónuupplýsinga einstaklinga samkvæmt reglugerð þessari skal fara fram með hliðsjón af reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(3)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(4)</sup>.
- 11) Aðildarríkin ákveði viðurlög sem gilda við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar. Þau viðurlög, sem kveðið er á um, skulu vera meðalhófskennd, skilvirk og hafa varnaðaráhrif.
- 12) Reglugerð þessi skal öðlast gildi án tafar til þess að tryggt sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „tæknileg aðstoð“ merkir tæknilegan stuðning í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu verkþekkingar eða -kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu, þ.m.t. munnleg aðstoð,
- b) „fjármunir“ merkir hvers konar fjáreignir og ágóða, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:
  - i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
  - ii. innstæður hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og skuldbindingar,
  - iii. verðbréf eða skuldaskjöl, sem verslað er með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óverðtryggð skuldabréf og afleiðusamningar,
  - iv. vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
  - v. lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, áfangatryggingar eða aðrar fjárskuldbindingar,
  - vi. ábyrgðir, farmbréf, sölusamningar,
  - vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í sjóðum eða fjármunum,
- c) „frýsting fjármuna“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar flutning, tilfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. eignastýring,
- d) „efnahagslegur auður“ merkir eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir, en unnt er að nota til að afla sér fjármuna, vöru eða þjónustu,
- e) „frýsting efnahagslegs auðs“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar notkun hans í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu,
- f) „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“ merkir nefnd öryggisráðs SP sem var stofnsett samkvæmt ályktun öryggisráðs SP 751 nr. (1999) og nr. 1907 (2009) um Sómalíu og Eritreu,
- g) „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“ merkir þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.

## 2. gr.

## 1. Lagt er bann við því:

- að veita einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Eritreu tæknilega aðstoð, með beinum eða óbeinum hætti, sem tengist herstarfsemi og framboði, framleiðslu, viðhaldi og notkun vopna og hvers kyns búnaðar þeim tengdum sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins <sup>(5)</sup>,
- að fjármagna eða veita fjárhagsaðstoð sem tengist herstarfsemi, þ.m.t. einkum styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátrygging vegna allrar sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings á vopnum og hvers kyns búnaði þeim tengdum, sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins, eða til þess að unnt sé að veita einstaklingum, lögaðilum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Eritreu tengda tæknilega aðstoð og miðlunarþjónustu með beinum eða óbeinum hætti,
- að þiggja frá einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Eritreu tæknilega aðstoð, með beinum eða óbeinum hætti, sem tengist herstarfsemi og framboði, framleiðslu, viðhaldi og notkun vopna og hvers kyns búnaðar þeim tengdum sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins.
- að þiggja fjármagn eða fjárhagsaðstoð, með beinum eða óbeinum hætti, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t. einkum styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátrygging vegna allrar sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings á vopnum og hvers kyns búnaði þeim tengdum, sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins, eða til þess að unnt sé að verða sér út um tengda tæknilega aðstoð og miðlunarþjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, frá einstaklingum, lögaðilum eða stofnunum í Eritreu,
- að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því að sniðganga þau bönn er um getur í a-, b-, c- og d-lið eða sem leiðir til þess að þau verði sniðgengin.

2. Bönnin, sem eru sett fram í b- og d-lið 1. gr., skapa viðkomandi einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þessir aðilar vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn.

## 3. gr.

1. Til þess að tryggja algjörlega rétta framkvæmd 1. gr. ákvörðunar 2010/127/SSUÖ skal senda viðkomandi lögbærum stjórnvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis upplýsingar, fyrir komu eða brottför, um allar vörur sem eru fluttar, með vöru loftfari eða kaupskipi til eða frá Eritreu, inn eða út af tollsvæði Evrópusambandsins.

2. Reglur um skyldu til að veita upplýsingar fyrir komu eða brottför, einkum um tímamörk sem ber að virða og gögn sem krafist er, skulu vera eins og kemur fram í viðeigandi ákvæðum um yfirlitsskýrslur um innflutning og útflutning og um tollskýrslur sem sett eru fram í reglugerð (EBE) nr. 2913/92 og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins <sup>(6)</sup>.

3. Auk þess skulu aðilar sem flytja vörurnar, eða bera ábyrgð á flutningi þeirra með vöru loftfari eða kaupskipi til og frá Eritreu, eða fulltrúar þeirra, tilkynna hvort vörurnar falli undir sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins.

4. Heimilt er, fram til 31. desember 2010, að senda yfirlitsskýrslurnar um innflutning og útflutning og þau atriði til viðbótar sem krafist er og um getur í þessari grein skriflega með því að notast við verslunar-, hafnar- eða flutningsskýrslur, að því tilskildu að þær innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar.

5. Frá og með 1. janúar 2011 skal senda þau viðbótaratriði sem krafist er og um getur í þessari grein, annaðhvort skriflega eða með því að notast við yfirlitsskýrslur um innflutning eða útflutning, eftir því sem við á.

## 4. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í I. viðauka.

2. Engir fjármunir eða aðrar eignir skulu gerðar aðgengilegar fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem tilgreindar eru í I. viðauka með beinum eða óbeinum hætti.

3. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi, sem miðar beint eða óbeint að því að sniðganga þær ráðstafanir er um getur í 1. og 2. mgr. eða sem leiðir til þess að þau verði sniðgengin, er bönnuð.

4. Bannið, sem er sett fram í 2. mgr., skapar viðkomandi einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þessir aðilar vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við það bann.

5. Í I. viðauki skal taka til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreina skv. 15. mgr. og b-lið 18. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1907 (2009).

6. Í I. viðauka skal tilgreina ástæður þess að skráðir aðilar, rekstrareiningar og stofnanir eru færð á lista, eins og öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir skipar fyrir um.

7. Í I. viðauka skulu og koma fram upplýsingar, liggi þær fyrir, sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir láta í té og nauðsynlegar eru til þess að bera kennsl á hlutaðeigandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. viðauka komi einnig fram hvaða dag öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi aðila.

#### 5. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað, eftir þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur að tekinni ákvörðun um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

- nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir einstaklinga, sem um getur í I. viðauka, og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- eingöngu ætlaðir til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðiþjónustu og standa undir útgjöldum vegna veittrar lögfræðiþjónustu eða
- eingöngu ætlaðar til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frysstra fjármuna eða efnahagslegs auðs,

að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um fyrrnefnda ákvörðun og þá fyrirætlun sína að veita leyfi og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan þriggja virkra daga frá fyrrnefndri tilkynningu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, að tekinni ákvörðun um að hinir frystu fjármunir eða efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá ákvörðun og að hún hafi verið samþykkt af framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir.

3. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhvert leyfi sem er veitt skv. 1. og 2. mgr.

#### 6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, heimilað að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag veðs af hálfu dómstóls, stjórnisýslustofnunar eða gerðardóms, þ.e. veðs sem var staðfest fyrir þann dag er sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 4. gr., var tilgreind af hálfu framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir eða öryggisráðsins, eða þeir eða hann sé andlag dómsuppkvaðningar eða úrskurðar stjórnisýslustofnunar eða gerðardóms fyrir þann dag,
- þeir fjármunir eða sá efnahagslegi auður er um rædir verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndri dómsuppkvaðningu eða úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglugerðir um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,
- að fyrrnefnt veð, dómsuppkvaðning eða úrskurður sé ekki í þágu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. viðauka,

- d) viðurkenning veðsins, dómsuppkvaðningarinnar eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki og
- e) það aðildarríki þar sem veðið var stofnað, dómsuppkvaðningin fór fram eða úrskurðurinn var felldur hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um veðið, dómsuppkvaðninguna eða úrskurðinn.

*7. gr.*

1. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. gilda ekki um viðbætur eftirtalinna þátta við frysta reikninga:
  - a) vaxta eða annars konar fjármagnstekna af fyrrnefndum reikningum eða
  - b) greiðslna samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir eða öryggisráðið tilgreindi viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 4. gr.,
 að því tilskildu að ákvæði 1. mgr. 4. gr. gildi áfram um fyrrnefnda vexti, aðrar tekjur og greiðslur.
2. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. kemur ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir í Evrópusambandinu færi fé til tekna á frystum reikningum, veiti þær viðtöku fjármunum sem eru yfirfærðir á reikning einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á lista, að því tilskildu að viðbótarinnlagnir á slíka reikninga verði einnig frystar. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum um þess háttar viðskipti án tafar.

*8. gr.*

1. Lagt er bann við því:
  - a) að veita tæknilega aðstoð, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, er um getur í I. viðauka, þ.e. aðstoð sem tengist herstarfsemi og framboði, framleiðslu, viðhaldi og notkun vopna og hvers kyns búnaðar þeim tengdum sem er á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins,
  - b) að fjármagna eða veita fjárhagsaðstoð sem tengist herstarfsemi, þ.m.t. einkum styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátrygging vegna allrar sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings á vopnum og hvers kyns búnaði þeim tengdum, sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins, eða til þess að unnt sé að veita einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, er um getur í I. viðauka, tengda tæknilega aðstoð og miðlunarþjónustu með beinum eða óbeinum hætti.
2. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi, sem miðar beint eða óbeint að því að sniðganga þær ráðstafanir er um getur í 1. mgr. eða sem leiðir til þess að þau verði sniðgengin, er bönnuð.
3. Bannið, sem er sett fram í 1. mgr., skapar viðkomandi einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þessir aðilar vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn.

*9. gr.*

Að frysta fjármuni og efnahagslegan auð eða að synja um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, gert í góðri trú á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, skapar þeim einstaklingi, lögaðila eða rekstrareiningu eða stofnun sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar eða stjórnendum hennar eða starfsmönnum ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

*10. gr.*

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvöð og þagnarskyldu:
  - a) veita lögbærum stjórnvöldum aðildarríkjanna, sem skráð eru í II. viðauka, þar sem þau hafa heimilisfesti eða eru staðsett, án tafar allar upplýsingar, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingar um reikninga og fjárhæðir sem eru fryst skv. 4. gr., og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar, milliliðalaust eða fyrir atbeina fyrrnefndra lögbærra stjórnvalda,
  - b) vinna með lögbærum stjórnvöldum, sbr. vefsetrin er um getur í II. viðauka, að því að sannprófa þessar upplýsingar.
2. Allar upplýsingar, sem eru láttnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal eingöngu nota í þeim tilgangi sem þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka í.

*11. gr.*

Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu, án tafar, miðla upplýsingum með gagnkvæmum hætti um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

*12. gr.*

1. Færi öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á lista, skal ráðið fella slíkan einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun inn í I. viðauka. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á lista, hlutaðeigandi einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.
2. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.
3. Ákveði Sameinuðu þjóðirnar að taka einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af lista eða breyta gögnum þar sem borin eru kennsl á einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hefur verið færð á lista, skal ráðið gera viðeigandi breytingar á I. viðauka.

*13. gr.*

Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að gera breytingar á II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta henni í té.

*14. gr.*

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

*15. gr.*

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og auðkenna þau á þeim vefsetrum er um getur í II. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á vefköngum vefsetra sinna, sem eru talin upp í II. viðauka, áður en slíkar breytingar taka gildi.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi, og tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.
3. Sé gerð krafa, samkvæmt reglugerð þessari, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan háttu skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þau sem gefin eru upp í II. viðauka.

*16. gr.*

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, þ.m.t. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern þann einstakling innan eða utan yfirráðasvæðis Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern þann lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða er löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Evrópusambandsins.

## 17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júlí 2010.

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. ASHTON

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 51, 2.3.2010, bls. 19. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2010/414/SSUÖ (sjá Stjttíð ESB L 195, 27.7.2010, bls. 74).

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB L 281, 23.11.1995 bls. 31.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. ESB C 69, 18.3.2010, bls. 19.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

**Einstaklingar og lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í 4., 5., 6., 7., 8, og 12. gr.**

## II. VIÐAUKI

**Vefsetur með upplýsingum um þau lögbæru stjórnvöld sem um getur í 5. gr. (2. mgr.), 6., 7. og 10. gr. og heimilisfang fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins**

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

**Fylgiskjal 5.**

**Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 942/2012**

**frá 15. október 2012**

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 667/2010  
um tiltekna þvingunaraðgerðir að því er varðar Eritreu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/127/SSUÖ frá 1. mars 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Eritreu <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið reglugerð ráðsins (EB) nr. 667/2010 <sup>(2)</sup> þar sem lagt er almennt bann við því að veita einhverjum aðila, rekstrareiningu eða stofnun í Eritreu tækniráðgjöf, aðstoð, þjálfun, fjármögnun og fjárhagsaðstoð sem tengist herstarfsemi.
- 2) Hinn 25. júlí samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun 2060 (2012) þar sem í 11. og 12. mgr. er kveðið á um tiltekna undanþágur frá vopnasölubanninu sem lagt er á með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1907 (2009).
- 3) Til að koma ályktun 2060 (2012) í framkvæmd hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/632/SSUÖ <sup>(3)</sup> með breytingum á ákvörðun 2010/127/SSUÖ með því að kveða á um tiltekna undanþágur frá banni við aðstoð.

- 4) Fyrirnefnd aðgerð fellur innan gildissviðs sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda henni í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti henni með samræmdum hætti.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 667/2010 til samræmis við það.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA***1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (ESB) nr. 667/2010:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. gr.:

„3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tækniástoð, fjármögnun og fjárhagsástoð er tengist óþanvænum herbúnaði sem einungis er ætlaður til notkunar í mannúðar- eða verndarskyni samkvæmt fyrirframsamþykki framkvæmdanefndar um þvingunaraðgerðir.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tækniástoð, fjármögnun og fjárhagsástoð er tengist hlífðarfatnaði, þ.m.t. skotheld vesti og herhjálmar, sem starfsfólk SP, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengdir starfsmenn hafa tímabundið flutt út til Eritreu, eingöngu til eigin nota.“

- 2) Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 15. október 2012.

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. ASHTON

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 51, 2.3.2010, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 282, 16.10.2012, bls 3.

**II. VIÐAUKI****Vefsetur með upplýsingum um þau lögbæru stjórnvöld sem um getur í 5., 6., 7. og 10. gr. og heimilisfang fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins**

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.